

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 19. nóvember kl. 10:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 846. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Hrafnhildur Sverrisdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Lilja Grétarsdóttir og Ólafur Melsted.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

1. Helluvað 7-21, (fsp) svalalokun

Mál nr. SN210763
Skjalnr. 14578

Helluvað 7-21, húsfélag, Helluvaði 7-21, 110 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Helluvaðs 7-21, húsfélags dags. 21. október 2021 um að loka svölum hússins á lóð nr. 7-21 við Helluvað, samkvæmt tillögu Hinriks Árna Bóassonar, Snorra Más Snorrasonar og Þórðar Ásgeirssonar ódags.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra hverfisskipulags.

2. Unnarstígur 2, Stækkun - endurnýjun (11.370.09)

Mál nr. BN058804
Skjalnr. 11298

Unnarstígur ehf., Pósthólf 70, 121 Reykjavík

Rafn Guðmundsson, Bárugata 30A, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að endurgera, m. a. leggja nýtt samfellt þak, jafna gólf og byggja við til norðurs og austurs, gera nýja glugga og hurðir á einbýlishúsi nr. 2A, á lóð nr. 2 við Unnarstíg. Erindi var grenndarkynnt frá 19. október 2021 til og með 16. nóvember 2021. Engar athugasemdir bárust.

Erindi fylgir þinglýst yfirlýsing um afnot lóðar dags. 18. ágúst 2017 og bréf hönnuðar dags. 3. maí 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júní 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 18. júní 2021. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. ágúst 2021 og umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 16. september 2021.

Stækkun: 20,4 ferm., 140,7 rúmm. Eftir stækkun: 95 ferm., 350,7 rúmm. Gjald kr. 12.100

Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

3. **Rökkvatjörn 2, Fjölbýlishús - 52 íbúðir** (50.525.01) Mál nr. BN059800
Skjalnr. 14215
- Al-verk ehf., Bæjarflöt 9, 112 Reykjavík
Eignasjóður Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. nóvember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. nóvember 2021 þar sótt er um leyfi til þess að byggja þrjú 4-hæða fjölbýlishús með kjallara, mhl. 01, 02 og 03, tengd saman á jarðhæð með einnar hæða lágbyggingum fyrir hjólageymslur og sameiginlega bílgeymslu, mhl.04, á lóð nr. 2 við Rökkvatjörn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
- Stærðir: Mhl.01: 1.308.4 ferm., 4.139.9 rúmm. Mhl.02: 1.269.8 ferm., 4.140.3 rúmm. Mhl.03: 1.334.1 ferm., 4.149.5 rúmm. Mhl.04: 857.6 ferm., 2.493.7 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 5.052.5 dags. 6. september 2021, hæðablað 5.052.5 útg. 2 dags. 27. september 2021 og ódagsett bréf hönnuðar vegna athugasemda skipulagsfulltrúa í umsögn dags. 10. september 2021, bréf hönnuðar dags. 10 ódagsett bréf hönnuðar v. athugasemda, greinargerð um hönnun brunavarna dags. 30. september 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. september 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. september 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2021. Gjald kr. 12.100
- Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.*
4. **Hvassaleitisskóli, nýtt deiliskipulag** (01.804.1) Mál nr. SN210772
Skjalnr. 8769
- Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir Hvassaleitisskóla að Stóragerði 11A. Í tillögunni eru sýndar endurbætur er stuðla að auknu öryggi nemenda og starfsmanna skólans, bæði er varðar bætt aðgengi að skólalóðinni og bættri aðstöðu til leikja innan hennar. Færa á almennu bílastæðin (30 stk.) frá norðurhluta skólalóðar yfir á suðurhluta með nýrri aðkomu frá Brekkugerði sem er á borgarlandi. Stæði hreyfihamlaða (2 stk.) verða áfram á núverandi stað fyrir framan aðalinngang skólans. Deiliskipulagsmörk verða útvíkkuð og skólalóð verður stækkuð auk þess sem komið verður fyrir skólarútustæði og sleppistæði í Stóragerði. Nýjum byggingarreitum undir færanlegar kennslustofur og nýtt sorpgerði er komið fyrir innan skólalóðarinnar, samkvæmt uppd. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 16. nóvember 2021.
- Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
Erna Hrönn þekkir málið
5. **Vesturgata 64, Fjölbýlishús - mhl.02** (11.301.13) Mál nr. BN060202
Skjalnr. 9450
- Hróður ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík
- Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja mhl. 02, sem er 7 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 44 íbúðum á bílakjallara á lóð nr. 64 við Vesturgötu.
- Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá verkfræðistofunni Mannvit dags. 8. nóvember 2021. Stærð, A-rými: 5.473,9 ferm., 17.516,4 rúmm.
- B-rými: 236,8 ferm. Samtals: 5.710,7 ferm. Gjald kr. 12.100
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
6. **Njarðargata 27, Innbyggðar svalir** (11.866.14) Mál nr. BN060129
Skjalnr. 14352
- ROR ehf, Frostabíngi 15, 201 Kópavogur
- Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. nóvember 2021 þar sótt er um leyfi til að koma fyrir innbyggðum svölum á rishæð og breyta innra skipulagi geymslu sem tilheyrir íbúð 0201 auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi 2. hæðar í húsi á lóð nr. 27 við Njarðargötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
- Gjald kr. 12.100
- Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021 samþykkt.*

7. **Snorrabraut 85, (fsp) fjölgun íbúða** (01.247.5) Mál nr. SN210751
Skjalnr. 14576
Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík
ALVA Capital ehf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 4. nóvember 2021 ásamt bréfi dags. 3. nóvember 2021 um fjölgun íbúða í húsinu á lóð nr. 85 við Snorrabraut sem felst í að breyta íbúð sem er á 2. og 3. hæð í fjórar litlar íbúðir, samkvæmt uppdr. Vektors, hönnun og ráðgjöf ehf. dags. 2. nóvember 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021 samþykkt.
8. **Spítalastígur 4, 4B, 6 og 6B, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.184.0) Mál nr. SN210695
Skjalnr. 11050
Baldur Ólafur Svavarsson, Hlíðarbyggð 14, 210 Garðabær
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Baldurs Ólafs Svavarssonar dags. 7. október 2021 ásamt bréfi dags. 4. október 2021 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.184.0, Bergstaðastrætisreits, vegna lóðanna nr. 4 og 6 við Spítalastíg sem felst í að sameina baklóðirnar tvær nr. 4B og 6B í eina lóð og stækka lóðina á kostnað nr. 4 og 6. Sameina byggingarreiti í einn reit og skipta væntanlegri nýbyggingu í fjórar lóðréttar einingar. Fella út innkeyrslu að nr. 4B í gegnum viðbyggingu nr. 4 við Spítalastíg og heimila að byggja í gatið sem þar hefdi annars verið. Aðkoma að hinni sameinuðu lóð nr. 4B og 6B yrði þá ein þ.e. sú sem fyrirhuguð er við nr. 6, samkvæmt uppdr. Úti og inn arkitekta dags. 4. október 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021 samþykkt.
9. **Stigahlíð 66, (fsp) stækkun lóðar og uppbygging íbúðarhúss** (01.733.3) Mál nr. SN210750
Skjalnr. 7323
Sindri Rafn Sindrason, Bogahlíð 9, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Sindra Rafns Sindrasonar dags. 4. nóvember 2021 um stækkun lóðarinnar nr. 66 við Stigahlíð til vesturs í átt að Menntaskólanum við Hamrahlíð, uppbyggingu íbúðarhúss á lóðinni og færslu á göngustíg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
10. **Hverfisgata 39, (fsp) hækkan húss, svalalok og svalir** (01.152.4) Mál nr. SN210705
Skjalnr. 6888
Jónas Gauti Friðþjófsson, Bergstaðastræti 51, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Jónasar Gauta Friðþjófssonar dags. 14. október 2021 um að loka þaksvolum á 5. hæð hússins á lóð nr. 39 við Hverfisgötu að hluta eða öllu leyti, hækka húsið um eina eða rishæð og setja svalir á norðurhlið 5. hæðar hússins og á suðurhlið 2., 3. og 4. hæðar hússins. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021 samþykkt.

11. **Laugavegur 178, Bílageymsla neðanjarðar** (12.511.02) Mál nr. BN058851
Skjalnr. 6674
Dyrhólmi hf, Hjallalandi 8, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 12. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílageymslu neðanjarðar á lóðinni Laugavegur 178. Bílastæði í geymslu 34 og á lóð 115, samtals 149 bílastæði, á lóð nr. 178 við Laugaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
Stærðir. 794,2 ferm; 2.382,6 rúmm. Erindi fylgir samkomulag eigenda dags. 27. júní 2008, eldri umsókn um byggingaleyfi sem samþykkt var þann 7. október 2008 fylgir og samþykkt eignarskipayfirlýsing frá desember 2008 með bílakjallara og álagningarseðlar fasteignagjald síðustu 11 árin. Gjald kr. 12.100
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
12. **Þórsgata 27, (fsp) hringstigi** (01.181.3) Mál nr. SN210731
Skjalnr. 11538
Páll V Bjarnason, Laufásvegur 7, 101 Reykjavík
Bjarni Frimann Karlsson, Þórsgata 27, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Páls V Bjarnasonar dags. 1. nóvember 2021 um að setja hringstiga upp á svalir á risi hússins á lóð nr. 27 við Þórsgötu, samkvæmt tillögu P ark teiknistofu dags. 29. apríl 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
13. **Bergstaðastræti 86, Breytingar inni - endurgerð garðs** (11.971.07) Mál nr. BN060207
Skjalnr. 13375
Jóhann Guðlaugur Jóhannsson, Bergstaðastræti 86, 101 Reykjavík
Þórdís Þórsdóttir, Bergstaðastræti 86, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja vegg milli forstofuherbergis og stofu, og milli eldhúss og borðstofu, koma fyrir stálbita og arni, endurhanna lóð með steiptum veggjum ásamt því að sótt er um leyfi fyrir áður gerðu bílastæði með aðkomu frá Barónsstíg á lóð nr. 86 við Bergstaðastræti.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og minnisblað um breytingar á burðarvirki frá verkfræðistofunni Eflu dags. 22. júlí 2021. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Laugavegur 4, (fsp) smávöruverslun og veitingastaður** (01.171.3) Mál nr. SN210775
Skjalnr. 5549
Faxaflói ehf, Pósthólf 234, 121 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Faxaflóa ehf. dags. 17. nóvember 2021 um rekstur smávöruverslunar á 1. hæð hússins á lóð nr. 4 við Laugaveg og veitingastaðar með áfengisleyfi á 2. og 3. hæð hússins. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. nóvember 2021 samþykkt.
15. **Laugavegur 157, (fsp) flutningur húss, niðurrif og uppbygging** (01.222.2) Mál nr. SN210730
Skjalnr. 14481
L157 ehf., Melhaga 20, 107 Reykjavík
Trípólí ehf., Skólavörðustíg 16, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóns Davíðs Ásgeirssonar dags. 1. nóvember 2021 um flutning hússins á lóð nr. 157 við Laugaveg, niðurrif á bílskúr og kjallara og uppbyggingu nýs íbúðarhúss, samkvæmt tillögu Trípólí ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

16. **Rauðalækur 10, (fsp) bílskúr** (01.343.3) Mál nr. SN210756
Skjalnr. 11675
Árni Klemensson, Rauðalækur 10, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Árna Klemenssonar dags. 5. nóvember 2021 um að setja bílskúr á lóð nr. 10 við Rauðalæk. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. nóvember 2021 samþykkt.
17. **Reynimelur 43, breyting á deiliskipulagi** (01.540.2) Mál nr. SN210623
Skjalnr. 14515
Elizabeth Bik Yee Lay, Reynimelur 43, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. september 2021 var lögð fram umsókn Elisabeth Bik Yee Lay dags. 7. september 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Mela norðan Hagamels vegna lóðarinnar nr. 43 við Reynimel. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit bílskúrs, samkvæmt uppdr. Hildar Bjarnadóttur arkitekts dags. 1. september 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Grenimel 24 og 26 og Reynimel 41, þegar lagfærðir uppdrættir hafa borist.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. og gr. 12. í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
18. **Síðumúli 1, (fsp) breyting á notkun og svalir** (01.292.0) Mál nr. SN210745
Skjalnr. 8862
Ragnar Sær Ragnarsson, Einholt 10, 105 Reykjavík
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lögð fram fyrirspurn Ragnars Sævar Ragnarssonar dags. 2. nóvember 2021 um breytingu á notkun rýma merkt F2015184 og F20155185 í húsinu á lóð nr. 1 við Síðumúla úr skrifstofu í íbúð og setja svalir á norðausturgafli hússins, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 2. nóvember 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. nóvember 2021 samþykkt.
19. **Skólavörðustígur 12, (fsp) breyting á notkun** (01.180.3) Mál nr. SN210765
Skjalnr. 14581
rýmis er snýr að Bergstaðastræti
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 11. nóvember 2021 um að breyta notkun rýmis í húsinu á lóð nr. 12 við Skólavörðustíg, sem snýr að Bergstaðastræti, í kaffihús og vínbar, samkvæmt tillögu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
20. **Strýtusel 8, (fsp) stækkun á bílgeymslu** (04.922.4) Mál nr. SN210764
Skjalnr. 14579
Þorkell Jónsson, Strýtusel 8, 109 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Þorkels Jónssonar dags. 3. nóvember 2021 um að stækka bílgeymslu á lóð nr. 8 við Strýtusel um allt að 7 fm til suðurs. Einnig er lögð fram grunnmynd 1. hæðar fyrir og eftir breytingu ásamt ljósmynd
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
21. **Þorragata 1, Vagnaskýli** (16.357.09) Mál nr. BN060160
Skjalnr. 6210
Leikskólinn Sælukot, Þorragötu 1, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að reisa óeinangraða timbur viðbyggingu, sem nýta á sem svefnskýli fyrir 24 barnavagna leikskólans Sælukots á lóð nr. 1 við Þorragötu.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á ódagsettum uppdrætti Stáss arkitekta. Gjald 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

22. **Fjölнисvegur 6, Viðbygging og svalir** (11.963.04) Mál nr. BN059576
Skjalnr. 12826
- Guðrún Hallgrímsdóttir, Hjarðarhagi 29, 107 Reykjavík
Guðrún G Björnsdóttir, Fjölнисvegur 6, 101 Reykjavík
Grímur Hjörleifsson Eldjárn, Fjölнисvegur 6, 101 Reykjavík
- Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að sameina tvær íbúðir sem eru 0201 og 0301 í eina og byggja einnar hæðar viðbyggingu með svölum ofaná við suðausturhlíð húss á lóð nr. 6 við Fjölнисveg. Erindi var grenndarkynnt frá 18. október 2021 til og með 15. nóvember 2021. Engar athugasemdir bárust.
- Erindi fylgir samþykki eigenda dags. 16. júlí 2021, bréf hönnuðar dags. 24. júní 2021 og dags. 16. júlí 2021. Stækkun viðbyggingar eru: 19,0 ferm., 54,0 rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. september 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. september 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. september 2021. Gjald kr. 12.100
- Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
- Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*
23. **Heiðargerði 34, Hækka þak - tengigangur** (18.021.01) Mál nr. BN060209
o.fl. Skjalnr. 14580
- Gunnar Björn Melsted, Heiðargerði 34, 108 Reykjavík
- Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak aðalbygginga um 70 cm, kvistir stækkaðir, komið fyrir tveimur þakgluggum og færa mæni lægra húss upp í efri, tengja núverandi bílskúr við aðalhúsið með tengigangi og nýju anddyri, bílskúr verði stofurými, við enda tengigangs til austurs verði innangengt í glerskála og gróðurhús, gluggi stækkaður í risi og komið fyrir nýjum glugga á fyrstu hæð norðurhlíðar, jafnframt er stefna þakhalla bílskúrs breytt til norðvesturs á húsi á lóð nr. 34 við Heiðargerði.
- Stækkun er: xx,x ferm., xx,x rúmm. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 8. nóvember 2021, afrit aðaluppdráttar sem samþykktir voru þann 8. maí 1952 og 25. júlí 1963. Gjald kr.12.100
- Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
24. **Laugavegur 20B, (fsp) stækkun húss og** (01.171.5) Mál nr. SN210723
þaksvallir Skjalnr. 6844
- Páll V Bjarnason, Laufásvegur 7, 101 Reykjavík
Stórval ehf, Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík
- Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Páls V. Bjarnasonar dags. 22. október 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 28B við Laugaveg sem felst í að byggja viðbyggingu með þaksvölum við suðurenda hússins, samkvæmt uppdr. Park dags. 24. september 2021, Einnig eru lagðar fram ljósmyndir og bréf Minjastofnunar Íslands dags. 20. október 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
- Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021 samþykkt.*

25. **Njálsgata 89, Leikskóli - Miðborgaskóli** (12.403.09) Mál nr. BN060048
Skjalnr. 14014
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að reisa leikskóla - Miðborgarskóla - mhl. 03 á þremur hæðum á kjallara með burðarvirkið að hluta staðsteypt og að hluta úr krosslímdu timbureiningum, sem klæddar verða með hvíttri álklæðningu, stækka mhl. 01, sem er gæsluvallarhús og að koma fyrir hjólastæðum út á lóð, á lóð nr. 89 við Njálsgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
Erindi fylgir varmatapsrammi, dags. 11. október 2021, hljóðvistarskýrsla, dags. september 2021 og greinagerð um algilda hönnun, dags. 11. október 2021. og aftur 29. október 2021. Stækkun á gæsluhúsi, mhl. 01: 51,8 ferm., 147,9 rúmm. Stærð nýs leikskóla, mhl. 03: 1.415,1 ferm. 5.670,53 rúmm. Stærð hjólaskýlis: XX ferm og XX rúmm. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021 samþykkt.
26. **Sólvallagata 68, (fsp) gróðurhús** (01.134.5) Mál nr. SN210766
Skjalnr. 13575
Gunnlaugur Karlsson, Sólvallagata 68, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Gunnlaugs Karlssonar dags. 9. nóvember 2021 um að setja gróðurhús á lóð nr. 68 við Sólvallagötu, samkvæmt skissu á lóðauppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs dagsettur 18. desember 2017.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Aðalstræti 7 og Vallarstræti 4, (fsp) íbúðir í skammtímaleigu** (01.140.4) Mál nr. SN210631
Skjalnr. 8984
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2021 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 7. september 2021 ásamt bréfi dags. 16. ágúst 2021 vegna uppbyggingu á Landsímareit nánar tiltekið á lóðunum nr. 7 við Aðalstræti og 4 við Vallarstræti, en óskað er eftir að heimilt verði að skilgreina íbúðirnar í húsunum sem íbúðir í skammtímaleigu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021 samþykkt.
28. **Borgartún 8-16A, (fsp) glerhýsi** (01.220.1) Mál nr. SN210768
Skjalnr. 5902
Pálmar Kristmundsson, Aðalstræti 25, 470 Þingeyri
Höfðatorg ehf., Lynghálsi 4, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Pálmars Kristmundssonar dags. 13. nóvember 2021 ásamt bréfi dags. 1. nóvember 2021 um að setja 30-40 fm glerhýsi á þakvalir sem staðsettar eru á 8. hæð hússins að Katrínartúni 6, lóð nr. 8-16A við Borgartún, samkvæmt skissu/hugmynd PK Arkitekta ehf. dags. 12. nóvember 2021. Einnig er lögð fram þrívíddarmynd PK arkitekta ehf. dags. 1. nóvember 2021. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021 samþykkt.
29. **Einholt 2, (fsp) hækkun húss** (01.244.1) Mál nr. SN210719
Skjalnr. 6639
Stay ehf., Suðurgötu 29, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Stay ehf. dags. 13. október 2021 um hækkun hússins á lóð nr. 2 við Einholt um tvær hæðir (4. og 5. hæð). Einnig eru lagðir fram uppdr. Teiknistofu Gunnars S. Óskarssonar ehf. dags. 20. apríl 2007 og 4. september 2014 og ljósmyndir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021 samþykkt.

30. **Háaleitisbraut 1, breyting á deiliskipulagi** (01.252.1) Mál nr. SN210571
Skjalnr. 10336
Ragnar Auðunn Birgisson, Reyðarkvísl 19, 110 Reykjavík
Sjálftæðisflokkurinn, Pósthólf 5296, 125 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. ágúst 2021 var lögð fram umsókn Ragnars Auðuns Birgissonar dags. 11. ágúst 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Háaleitisbraut 1. Í breytingunni felst að í stað skrifstofuhúsnæðis í suðaustur hluta lóðarinnar kemur nýtt íbúðarhús með 29 íbúðum. Íbúðir á reitnum verða því samtals 76. Bíla- og hjólastæðakröfur breytast m.t.t. fjölda íbúða og núverandi byggingar, Valhallar, en skilgreiningar per íbúð/fm helst óbreytt. Byggingarreitur nýs íbúðarhúss er skipt upp í ytri og innri byggingarreit ásamt því að byggingarmagn eykst o.fl., samkvæmt uppdrætti THG arkitekta ehf. dags. 26. júlí 2021. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt breyttri tillögu THG arkitekta, mótttekið dags 18. nóvember 2021, m.a. hefur húsformi verið breytt og íbúðum fækkað.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
31. **Skipholt 5, Breyta í tvær íbúðir - 2.hæð** (12.412.08) Mál nr. BN059811
Skjalnr. 14461
VeV ehf., Ásaþingi 11, 203 Kópavogur
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta notkun rýma 0201 og 0202, úr atvinnuhúsnæði/skrifstofum í tvær íbúðir með svölum á norðurhlið 2. hæðar í atvinnu- og íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 5 við Skipholt.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 20. ágúst 2021 og afrit af aðalteikningum samþykktum 30. október 1958 og 7. apríl 1998.
Gjald kr. 12.100
Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.
32. **Sóltún 2-4, breyting á deiliskipulagi** (01.233.101) Mál nr. SN210452
Skjalnr. 5554
Studio Nexus slf., Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
Sóltún 4 ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 2. júlí 2021 var lögð fram umsókn Studio Nexus slf. f.h. Sóltún 2-4 ehf. dags. 16. júní 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ármannsreits, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Sóltún. Í breytingunni felst m.a. að heimill fjöldi hjúkrunarrýma í húshluta 2 verður 152 í stað 120, byggingarreitur er stækkaður sem nemur fjórum hjúkrunarrýmum á hæð, lögun byggingarreita húshluta nr. 4 og tengibyggingar er breytt lítillega, byggingarmagn húss nr. 4 og tengibyggingar ofanjarðar er hækkað, tengibygging verði á einni hæð með reistu þaki að hluta, húshluta nr. 4 hækki í fimm hæðir, heimilt verði að skyggni nái út fyrir byggingarreit, heimilum fjölda hjúkrunarrýma á lóðinni allri er breytt úr 223 í 152, en á sama tíma er bætt við 78 íbúðarrýmum eða alls 230 íbúðar/hjúkrunarrými, skilmálum fyrir bílastæði pr. íbúa/hjúkrunarrýmis er breytt, skilgreindur er byggingarreitur fyrir kjallara o.fl., samkvæmt uppdr. Studio Nexus slf. dags. 10. júní 2021. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt breyttri tillögu Studio Nexus, mótttekið dags 19. nóvember 2021, þar sem m.a. húsformi er breytt.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
33. **Kvistaland 26 Leikskóli, Tímabundnar Leikstofur** (18.623.01) Mál nr. BN060194
Skjalnr. 11225
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. nóvember 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir fimm gámaeiningum sem hýsa á tímabundið stofur fyrir leikskóla sem er verið er að gera á endurbætur, á lóð nr. 26 við Kvistarland.
Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

34. **Ægisgata 7, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.132.0) Mál nr. SN210660
Skjalnr. 10145

Ægisgerði ehf., Vatnssúg 19, 101 Reykjavík
Zeppelin ehf, Skeifunni 19, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Zeppelin ehf. dags. 21. september ásamt greinargerð dags. 21. september 2021 um að breyta gildandi deiliskipulagi að lóð nr. 7 við Ægisgötu þannig að í húsinu verði blönduð starfsemi. Í kjallara verði geymslur og/eða vinnustofur, á jarðhæð verði atvinnustarfsemi og á efri hæðum verði tíu til tólf litlar íbúðir. Áfram verði heimilað að byggja inndregna hæð ofan á húsið með tveimur stærri íbúðum ásamt því að fallið verði frá kröfu um að rífa niður hluta bakbyggingar. Heimiluð verði þakverönd ofan á bakbyggingu og fallið verði frá kröfum um bílastæði í kjallara skv. tillögu Zeppelin ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021 samþykkt.

35. **Arnarnesvegur, nýtt deiliskipulag** (04.9) Mál nr. SN210221
Skjalnr. 5435

Vegagerðin, Suðurhrauni 3, 210 Garðabær

Lögð fram tillaga verkfræðistofunnar Eflu f.h. Reykjavíkurborgar og Kópavogs að nýju deiliskipulag Arnarnesvegar 3. áfanga. Deiliskipulagstillagan nær til hluta Arnarnesvegar, nýjum 2+2 vegi ásamt tveimur nýjum hringtorgum, frá gatnamótum Arnarnesvegar og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar og veghelgunarsvæða hans sem nær að jafnaði 30 metra út frá miðlínu vegarins. Hluti veghelgunarsvæðis Arnarnesvegar er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkur, en stærsti hluti vegarins liggur innan sveitarfélagsmarka Kópavogs. Samhliða er gert ráð fyrir stofnstíg, aðskilinn hjóla- og göngustíg, frá Rjúpnavegi í Kópavogi og að Elliðaárdal ásamt tengistígum sem og meðfram Breiðholtsbrautinni og undir fyrirhugaða brú yfir Breiðholtsbraut. Jafnframt er gert ráð fyrir göngubrú/vistloki yfir veginn. Arnarnesvegur sem liggur innan marka skipulagssvæðisins er um 1,9 km að lengd og liggur frá suðaustur hluta Leirdals að grænu opnu svæði norðan Breiðholtsbrautar, samkvæmt deiliskipulags- og skýringaruppdrætti verkfræðistofunnar Eflu dags. 4. nóvember 2021. Einnig er lögð fram greinargerð dags. 8. nóvember 2021. *Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.

36. **Eiðsgrandi - Ánanaust, breyting á deiliskipulagi** (01.5) Mál nr. SN210753
Skjalnr. 5357

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda - Ánanausts. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir áningastað við Sjóvarnargarðinn þar sem hann er hæstur. Við breytinguna færast lega núverandi göngu- og hjólastígs lítilla, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta, dags. 5. nóvember 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

37. **Kjalarnes - Ytri-Tindastaðanáma, framkvæmdaleyfi** Mál nr. SN210626
Skjalnr. 14560
Ístak hf., Bugðuflljóti 19, 270 Mosfellsbær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2021 var lögð fram umsókn Ístaks hf. dags. 7. september 2021 ásamt bréfi ódags. um framkvæmdarleyfi fyrir efnistöku í Ytri-Tindastaðanámu á Kjalarnesi. Megintilgangur fyrir efnistökunni er uppbygging á Vesturlandsvegi, sem er verkefni í umsjón Vegagerðarinnar og heitir "Hringvegur um Kjalarnes". Einnig er lögð fram yfirlitsmynd. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. september 2021. Lagt fram að nýju ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2021 þar sem framkvæmdaleyfi er afturkallað.
Bréf skipulagsfulltrúa dags. 16. nóvember 2021 samþykkt.
38. **Koparsléttu 5, breyting á deiliskipulagi** (34..53.3.702) Mál nr. SN210749
Skjalnr. 14488
Spennt ehf., Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
I62 ehf, Garðsstöðum 15, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. nóvember 2021 var lögð fram umsókn Ragnars Magnússonar dags. 4. nóvember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 5 við Koparsléttu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar um 4 m til suðausturs, samkvæmt uppdr. I62 ehf. ódags. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Koparsléttu 3 og Gullsléttu 4 og 6.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
39. **Lambhagavegur 23, (fsp) skilti** (02.684.1) Mál nr. SN210734
Skjalnr. 12236
Lambhagavegur 23 ehf., Lambhagavegi 23, 113 Reykjavík
Helgi Hafliðason, Stuðlasel 44, 109 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Lambhagavegs 23 ehf. dags. 22. október 2021 um að setja auglýsingaskilti við austurmörk lóðarinnar nr. 23 við Lambhagaveg, samkvæmt uppdr. Helga Hafliðasonar, arkitekts, dags. 11. október 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
40. **Langtímastæði fyrir húsbíla, möguleg staðsetning** Mál nr. SN210581
Skjalnr.
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. ágúst 2021 var lagt fram bréf íþrótta- og tómstundasviðs dags. 15. júní 2021 þar sem óskað er eftir viðræðum við skipulagsfulltrúa um mögulega staðsetningu á svæði fyrir langtímabílastæði fyrir húsbíla. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021 samþykkt.
41. **Skektuvogur 2, (fsp) uppbygging** (01.450.3) Mál nr. SN210770
Skjalnr. 13832
T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
Skektan ehf., Skektuvogi 1, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn T.ark Arkitekta ehf. dags. 16. nóvember 2021 ásamt bréfi dags. 10. nóvember 2021 um uppbyggingu á lóð nr. 2 við Skektuvog, samkvæmt tillögu T.ark Arkitekta ehf. dags. 9. nóvember 2021. Nánar til tekið er óskað eftir því að fara í uppbyggingu á byggingu B sem samræmist núverandi deiliskipulagi. Seinna yrði farið í deiliskipulagsbreytingu fyrir uppbyggingu á byggingu A, í samræmi við þær hugmyndir sem munu liggja fyrir varðandi Sæbrautarstokk.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

42. **Stefnisvogur 1 og 2 (reitir 1-2 og 1-6), (fsp)** (01.451.3) Mál nr. SN210697
breyting á deiliskipulagi Skjalnr. 14567
Hjalti Brynjarsson, Hjallabraut 92, 220 Hafnarfjörður
Reir verk ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Hjalta Brynjarssonar dags. 12. október 2021 ásamt bréfi dags. 11. október 2021 um breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæðis 1 vegna lóðanna nr. 1 og 2 við Stefnisvog (reitir 1-2 og 1-6) sem felst að breyta bílageymslu á lóð 1-6 þannig að hún verði á einni hæð í stað tveggja og um leið lagfæra bílageymslu á lóð 1-2, brjóta upp byggingamassa 1-6 í fleiri einingar og fjölga íbúðum lítillega á reit 1-6 til að ná niður meðalstærð þeirra, samkvæmt tillögu Arkþing - Nordic ehf. dags. 29. september 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. nóvember 2021 samþykkt.
43. **Suður Mjódd, breyting á deiliskipulagi** (04.91) Mál nr. SN210778
Skjalnr. 8101
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar vegna lóðanna nr. 2D, 4 og 6 við Álfabakka. Í breytingunni felst breytt lega götunnar Álfabakka á stuttum kafla við lóðirnar nr. 4 og 6 auk stækkunar á miðlunartjörn Veitna. Jafnframt sökum þess þarf að minnka lóðirnar Álfabakka 2d og 4 og þannig fækka heildarbyggingarmagni á þeim lítillega. Á lóð Álfabakka 6 er innkeyrsla fyrir lóð færð vestar auk þess sem heildarbyggingarmagn A- og B-rýmis minnkar. Aðrar minni breytingar skv. tillögu má sjá á uppdrætti Storð teiknistofu dags. 16. nóvember 2021.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
44. **Úlfarsárdalur, Hólmsheiði, Almannadalur,** (02.6) Mál nr. SN200303
Skjalnr. 9615
breyting á framkvæmdaleyfi
VSÓ Ráðgjöf ehf., Borgartúni 20, 105 Reykjavík
Landsnet hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík
Lagt er fram bréf Landsnets dags. 1. mars 2021 um breytingu á áður útgefnu framkvæmdaleyfi dags. 4. júní 2020 vegna lagningar 132 kV háspennustrengja, Korpulínu 1 og Rauðvatnslínu 1 ásamt bréfi Hestamannafélagsins Fáks dags. 24. febrúar 2021. Í erindinu kemur fram að Hestamannafélagið Fákur hefur farið fram á að hluti af vinnuslóða við Rauðavatnslínu 1 verði ekki fjarlægður og Fákur fái að nýta vinnuslóðann þar sem undirlag undir nýjan reiðstíg. Breytingin á framkvæmdaleyfinu felst þannig í því að Landsnet sé heimilt að skilja eftir vinnuslóðann og að Fákur fái hann til umráða í því tilgangi að breyta í reiðstíg og beri ábyrgð á honum eftir það. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021. Lagt fram að nýju ásamt bréfi Landsnets dags. 16. nóvember 2021 um endurnýjun á framkvæmdaleyfi. Einnig er lagt fram leyfi Vegagerðarinnar dags. 1. nóvember 2021 fyrir borun undir Vesturlandsveg og lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis dags. í maí 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

45. **Korngarðar 13, breyting á deiliskipulagi** (01.331.6)

Mál nr. SN210747
Skjalnr. 14575

Dalsnes ehf., Korngörðum 3, 104 Reykjavík
DAP ehf, Litlu-Tungu, 276 Mosfellsbær

Lögð fram umsókn Guðmundar Odds Víðissonar dags. 3. nóvember 2021 ásamt greinargerð dags. 3. nóvember 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka, Klettasvæðis, vegna lóðarinnar nr. 13 við Korngarða. Í breytingunni felst að legu byggingarreita er breytt ásamt því að breytt er nýtingarhlutfall fyrir millipalla úr 0,1 í 0,4. Akstur er heimilaður frá lóð og út á Korngarða og útakstur er heimilaður frá lóð út á hafnarbakka, samkvæmt uppd. DAP ehf. dags. 3. nóvember 2021. Einnig er lagt fram Faxaflóahafna sf. dags. 25. október 2021.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:40.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir